

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. apríl 2019, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til Barnaheimilisins Óss verði breytt með þeim hætti að miðað verði við að hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára verði 41. Jafnframt verði heimilt að greiða framlag vegna 7 barna á aldrinum 12 til 18 mánaða á forsendum samninga vegna barna á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða. Breytingin taki gildi 1. september 2019. Sviðsstjóra er falið að gera samninga við Barnaheimilið Ós vegna framlagsins.